

## Aðalfundur SÍM - Sambands íslenskra myndlistarmanna

16. maí 2024 á Korpúlfsstöðum



Mætt eru Gunnhildur Hauksdóttir, Tinna Guðmundsdóttir, Anna Hall, Anna Gunnlaugsdóttir, Daði Harðarson, María Kjartansdóttir, Regína Magdalena Loftsdóttir, Bryndís Brynjarsdóttir, Rúrí, Guðrún Erla Geirsdóttir, Helga G. Óskarsdóttir, Erling T.V. Klingenberg, Olga Bergmann, Magdalena M. Kjartansdóttir, Sigrún Harðardóttir, Pétur Thomsen, Dóra Kristín Halldórsdóttir, Þóra Karlsdóttir, Hlynur Helgason, Ingibjörg J. Gunnlaugsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Anna Eyjólfsdóttir, Soffía Sæmundsdóttir, og Logi Bjarnason.

Fundarstjóri er Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Myndstef

Ritari er Lísía Björg Attensperger, skrifstofustjóri- og fjármálastjóri SÍM

### Dagskrá:

[1. Skýrsla stjórnar](#)

[2. Reikningar](#)

[3. Stjórnarkosning](#)

[Niðurstöður](#)

[4. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. Gr.](#)

[5. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs](#)

[6. Lagabreytingar](#)

[Breytingartillögur](#)

[7. Ákvörðun félagsgjalda](#)

[8. Önnur mál](#)

[Áskoranir stjórnar SÍM til samþykktar á aðalfundi](#)

KI 17:01

Fundarstjóri ávarpar fundinn.

## 1. Skýrsla stjórnar

Anna Eyjólf, formaður SÍM, kynni ársskýrslu stjórnar. Félagsmenn geta kynnt sér skýrsluna á vefsíðu SÍM:

## 2. Reikningar

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri SÍM, fer yfir ársreikninga. Nýr endurskoðandi er Eymundur Sveinn Einarsson, löggiltur endurskoðandi. Ársreikningar hafa verið samþykktir félagslegum endurskoðanda SÍM, Guðrúnu Erlu Guðmundsdóttur, og undirritaðir af stjórn SÍM.

Ársreikningur SÍM. Á árinu störfuðu þrír starfsmenn hjá félaginu þar af tveir í hlutastarfi og námu laun og launatengd gjöld um 14,7 millj. kr. Fjöldi ársverka voru 2 talsins. Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 6,8 m.kr. Rekstrartekjur voru alls 34 m.kr. Rekstrargjöld námu alls 28 m.kr. **Ársreikningur SÍM samþykktur af öllum viðstöddum.**

Ársreikningur rekstrarfélags SÍM. Á árinu störfuðu fjórir starfsmenn hjá félaginu þar af tveir í hlutastarfi og námu laun og launatengd gjöld um 30,9 millj.kr. Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 9,1 m.kr. Rekstrartekjur voru alls 158 m.kr. Rekstrargjöld námu 149 m.kr. **Ársreikningur Rekstrarfélags SÍM samþykktur af öllum viðstöddum.**

## 3. Stjórnarkosning

Eftirtaldir stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára í maí 2022 og lýkur þeirra kjörtímabili á þessum aðalfundi: Anna Eyjólfsdóttir, formaður, Hlynur Helgason og Freyja Eilíf, aðalmenn, og Soffía Sæmundsdóttir, varamaður.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2023 og lýkur þeirra kjörtímabili í maí 2025: Pétur Thomsen og Þóra Karlsdóttir, aðalmenn, og Elísabet Stefánsdóttir, varamaður.

Atkvæðagreiðsla var gerð af Maskínu fyrir Samband Íslenskra myndlistarmanna vegna kjörs til formanns og stjórnar. Atkvæðagreiðslan fór fram dagana 14.-16. maí 2024. Alls voru 860 á kjörskrá og greiddu 463 af þeim atkvæði, eða 54%

### *Niðurstöður*

Til formanns: Anna Eyjólfsdóttir hlaut 229 atkvæði eða 49,5%. Tinna Guðmundsdóttir hlaut 216 atkvæði eða 46,7%. 18 skiluðu auðu eða 3,9%.

Til stjórnar: Hlynur Helgason hlaut 225 atkvæði eða 20,1%. Anna Rún Tryggvadóttir hlaut 213 atkvæði eða 16,8% . Helga G. Óskarsdóttir fékk 173 atkvæði eða 13,7%.

Ný stjórn SÍM tímabilið 2024-2025 er svohljóðandi: Anna Eyjólfsdóttir, formaður, Pétur Thomsen, Þóra Karlsdóttir, Hlynur Helgason og Anna Rún Tryggvadóttir, meðstjórnendur, Elísabet Stefánsdóttir og Helga G. Óskarsdóttir, varamenn.

Fundurinn þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum, Freyju Eilíf Helgudóttur og Soffíu Sæmundsdóttur fyrir störf sín í þágu félagsins.

#### **4. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. Gr.**

Guðrún Erla Geirsdóttir býður sig fram sem fulltrúa í sambandsráð. **Samþykkt.**

#### **5. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs**

Þóra Karlsdóttir býður sig fram til félagslegs endurskoðanda næsra ár. **Samþykkt.**

#### **6. Lagabreytingar**

Hlynur Helgason kynnir tillögu stjórnar að breytingu á inntökureglum SÍM.

[VERÐUR]

*Til að hafa rétt til inngöngu í Samband íslenskra myndlistarmanna þarf umsækjandi að uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:*

- a. Að hafa lokið viðurkenndu námi í myndlist við viðurkenndan listaskóla, eða sem svarar a.m.k. tveggja ára námi að loknu stúdentsprófi.*
- b. Að hafa lokið sambærilegu námi á myndlistarsviði, til dæmis í sýningarstjórn eða listfræði.*

[VAR]

Til að hafa rétt til inngöngu í Samband íslenskra myndlistarmanna þarf umsækjandi að hafa lokið amk 3 ára BA námi í myndlist eða hafa aðra sambærilega menntun samkvæmt yfirlýsingu viðkomandi skóla.

Einnig hafa þeir sem hafa lokið 4 ára námi frá Myndlistarskólanum á Akureyri og útskrifast með Diplóma rétt á inngöngu í SÍM.

[ÓBREYTT]

Að öðrum kosti þarf umsækjandi að uppfylla fjögur af neðangreindum skilyrðum:

1. Önnur menntun í myndlist (að lágmarki samtals 2 ár) staðfest með yfirlýsingu viðkomandi stofnunar.
2. Ein eða fleiri einkasýningar í opinberum sýningarstöðum. Staðfesting fylgi.
3. Þátttaka í alþjóðlegri sýningu, samsýningu styrktri af opinberum aðilum eða ekki færri en fimm samsýningum öðrum. Staðfesting fylgi.
4. Verið falið af dómnefnd að vinna að listskreytingu á opinberum vettvangi. Staðfesting fylgi.
5. Eiga minnst eitt verk í opinberri eigu, keypt af viðkomandi safnráði eða matsnefnd. Staðfesting fylgi.
6. Hafa hlotið opinberan styrk eða starfslaun. Staðfesting fylgi.

*Breytingartillögur*

Breytingartillaga við a. lið: Að hafa lokið viðurkenndu námi í myndlist við viðurkenndan listaskóla, eða sem svarar a.m.k. tveggja ára námi að loknu stúdentsprófi eða sambærilegu. **Samþykkt.**

Breytingartillaga við b.lið: Aðalfundur leggur til að b. lið verði frestað og vísar því til stjórnar að taka upp frekara samtal um hugsanlega hagsmunaárekstra til lengri tíma og hlutverk SÍM. **Samþykkt.**

## 7. Ákvörðun félagsgjalda

Aðalfundur leggur til að félagsgjöld SÍM haldist óbreytt til ársins 2025. **Samþykkt.**

## 8. Önnur mál

Fundarstjóri leggur undir aðalfund samþykkt á ársskýrslu stjórnar sbr. 1. dagskrárlið fundarins. Engar athugasemdir gerðar við ársskýrslu og hún samþykkt af aðalfundi.

### *Áskoranir stjórnar SÍM til samþykktar á aðalfundi*

Aðalfundur SÍM hvetur Akureyrarbæ til að ráða nú þegar listrænan stjórnanda við Listasafnið á Akureyri sem unnið getur að stefnumótun á sviði samtímamyndlistar undir stjórn nýs safnstjóra. **Samþykkt.**

Aðalfundur SÍM skorar á stjórnvöld að vinna að að finna nýtt húsnæði undir gestavinnustofuna Reykjavík og laga hana að núverandi þörfum alþjóðlegra listamanna. Aðalfundur felur skrifstofu SÍM að umorða ályktunina. Að öðru er hún **samþykkt.**

Aðalfundur vísi því til stjórnar SÍM að leita leiða til að fá bætur til vegna reksturs eða leigu vinnustofa, eða styrki frá sveitarfélögum og ríki. **Samþykkt.**

*Fundi slitið 18:48.*